

Breyting

21
1. apríl

á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbrjefi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svo hljóðandi:

Þeir fá í kaup 1 kr. 30 aur. um klukkustund hverja á virkum dögum og 1 kr. 50 aur. um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu, hvort sem það er við aðgreining fiskjarins eða umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annarl þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

I stjórnarráði Íslands, 1. apríl 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.